



RECOMA Ísland

Circula ehf. undirbýr stofnun fyrirtækisins RECOMA Ísland ehf. sem mun setja upp verksmiðju til að framleiða PackWall byggingaplötur úr samsettum pappambúðum (Tetra Pak) með einkaleyfisvarinni framleiðsluaðferð. Circula mun þannig gefa sorpi nýtt líf og umbreyta því í endingargóðar byggingaplötur með umhverfisvænni endurvinnslu. Hráefnið mun koma frá öllum helstu söfnunaraðilum í landinu. Plöturnar eru með 80-90% minna kolefnisspor en sambærilegar byggingaplötur og hafa marga aðra jákvæða kosti út frá viðmiðum Hringrásarhagkerfisins.

Circula er í samstarfi við RECOMA í Svíþjóð sem er sérleyfishafi PackWall á Norðurlöndunum og í Benelux löndunum. RECOMA setti upp sambærilega verksmiðju í febrúar 2023 eftir 2 ára undirbúningsferli. Í áætlunum sínum gerðu forsvarsmenn RECOMA ráð fyrir mögulegri stækkun eftir 2 til 3 ár. Viðtökur markaðarins við plötunum hafa hins vegar verið framar vonum svo ráðist var í stækkun verksmiðjunnar strax í desember 2023 þar sem framleiðslugetan var tvöfölduð.

Framleiðsla PackWall á Íslandi felur í sér margvíslegan efnahagslegan og þjóðhagslegan ávinning. Nánast öll byggingarefni sem notuð eru á Íslandi eru innflutt en með framleiðslu PackWall hér á landi sparast gjaldeyrir og ekki er þörf á innflutningi þeirra byggingaplatna sem PackWall plöturnar koma í staðinn fyrir. Þá þarf sömuleiðis ekki að flytja samsettar pappambúðir úr landi til förgunar eins og gert hefur verið heldur er um að ræða algjöra endurvinnslu úrgangsstraums sem ekki hefur verið nýttur hér á landi með tilheyrandi minnkun kolefnisspors. Framleiðslan mun jafnframt skapa störf, starfsemin er einföld og umhverfisvæn og notuð er 100% græn orka. Hráefnið verður hreint og bakteríufrítt eftir að hafa verið hitað tvisvar sinnum í 200 gráður. Frá starfseminni fellur ekki til neinn úrgangur eða spilliefni. Við framleiðsluna er ekkert lím notað, engin rokgjörn lífræn efni (VOC) eða formalín (Formaldehýð). Afurðin er 100% úr endurunnu efni og er endurvinnanleg aftur og aftur.

PackWall plöturnar geta komið í staðinn fyrir OSB-, MDF-, krossviðs-, spónar- og gifsplötur og er engin plata á markaðnum með meiri möguleika í notkun. Plöturnar hafa góða hljóðeinangrun, geta haldið innréttingum, þola raka og eru með mótstöðu gagnvart myglu. Engin sérstök verkfæri þarf við notkun. Þá má nota plöturnar bæði innandyra og utandyra. Plöturnar hafa verið framleiddar víða um heim undanfarin 18 ár undir ýmsum vörumerkjum og reynslan er góð. Plöturnar hafa verið samþykktar til notkunar í Svansvottuðum byggingum. Möguleiki er á útflutningi inn á þá markaði sem RECOMA Svíþjóð er með sérleyfi fyrir.